

Skrifstofa Mýrdalshrepps, skipulagsfulltrúi
Gísli Gíslason
Austurvegi 17
870 VÍK

Selfoss, 2. júlí 2009
Tilvísun: 2009060032/10.10
EFJ/

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025.

Í bréfi þínu dags. 10. júní 2009 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025.

Þær veglínur sem Vegagerðin hefur birt í frumdrögum (frá því í nóvember 2008) virðast ekki hafa skilað sér fullkomlega, a.m.k. eru þess dæmi við annarsvegar Norðurgarð og hinsvegar vestan hringtorgs í þéttbýlinu. Skilja má greinargerðina þannig að sú leið sem sýnd er í aðalskipulaginu, leið 3, sé tillaga Vegagerðarinnar, en í frumdrögum Vegagerðarinnar er greint frá því að leiðir 2-5 séu allar ásættanlegar.

Markmið Vegagerðarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- Greiðar samgöngur með góðri þjónustu
- Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins
- Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist
- Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa

Greiðar samgöngur og umferðaröryggi

Eins og fram kemur í fram lögðum gögnum byggir Umhverfisskýrsla Aðalskipulags 2009-2025 á frumdrögum Vegagerðarinnar hvað varðar Hringveg um Mýrdal. Í frumdrögum kemur fram að flestar hugmyndir að breytingum á Hringvegi á þessu svæði teljist matsskyldar skv. 5. gr. laga nr. 106/2000. Í niðurstöðum skýrslunnar segir: „Í skýrslu þessari hefur verið sýnt fram á að mögulegt er að leggja ásættanlegan veg samkvæmt línunum 2, 3, 4 og 5. Engu að síður eru línurnar misgóðar og er niðurstaða eftirfarandi:

- Færsla Hringvegar út fyrir þéttbýlið í Vík samræmist best stefnu Vegagerðarinnar um greiða og örugga umferð og er þá vegagerð skv. línu 4 ódýrasti kosturinn.
- Allar lausnir sem sýna göng um Reynisfjall veita meira umferðaröryggi en vegur um Gatnabrún.
- Á vestasta hluta leiðarinnar er vegur sunnan Geitafjalls, skv. línu 3, álitlegur kostur þar sem hann liggur um flatt land og því er mögulegt að gera þar öruggan og ódýran veg.“

Umhverfi

Ekki hefur verið hafist handa við mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar enda er hún ekki á gildandi samgönguáætlun til 12 ára. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um allar línurnar út frá umhverfissjónarmiðum, ekki síst um þá leið sem sýnd er á skipulagsupprætti. Í greinargerð á bls. 12 og 13 kemur fram að Hringvegur skv. upprætti sé í samræmi við náttúruverndarsjónarmið og alþjóðlegar skuldbindingar þar að lútandi. Skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar verður við umhverfismat framkvæmdarinnar kafað dýpra í umhverfissjónarmið en gert er í umhverfisskýrslu aðalskipulags. Því leggur Vegagerðin að svo stöddu ekki frekara mat á veglínur út frá umhverfissjónarmiðum.

Umferðaröryggi íbúa og annara vegfarenda

- Í kafla um reiðvegi er þess getið að þeir eigi að auka öryggi hestamanna. Þrátt fyrir það eru reiðleiðir víða staðsettar meðfram vegum í umsjón Vegagerðarinnar. Velta má upp þeirri spurningu hvort ekki sé meira aðlaðandi fyrir sérstaklega ferðamenn, að skipulagðar reiðleiðir séu sem lengst frá þjóðvegum og ökutækjum, en ekki sem næst vegunum með öllum þeim hávaða og hættu sem tækjaumferð óhjákvæmilega fylgir. Í veghönnunarreglum segir að engin umferð megi vera innan öryggissvæða vega, þar með talin umferð gangandi og ríðandi vegfarenda.
- Á þéttbýlisuppdrætti má sjá að of stutt er á milli tenginga vestan við hringtorgið. Vegagerðin mælir með að loka tengingu Smiðjuvegur inn á Hringveginn. Til upplýsinga varðandi fjarlægðarviðmið er hér vísað á heimsíðu Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/veghonnunarreglur>.
- Í geinargerð kemur fram að stefnt sé að 35 km/klst hámarkshraða innan byggðarinnar í Vík. Hringvegurinn um Vík er í umsjón Vegagerðarinnar og Vegagerðin mælir eindregið með að hraði á Hringvegi um þéttbýli verði ekki minni en 50 km/klst. Við ákvörðun á hámarkshraða og staðsetningu merkja við og á þjóðvegum innan þéttbýlis skal ávallt vera samráð milli Vegagerðarinnar og viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórnar. Það samræmist best markmiðum Vegagerðarinnar um greiða og örugga umferð að færa Hringveginn út fyrir byggðina.
- Í greinargerð er vitnað í texta úr jarðgangaáætlun frá árinu 2000. Ýmsar nýrri upplýsingar hafa komið fram síðan. Skv. upplýsingum frá Siglingastofnun (m.a. í skýrslunni "The beach in front of Vík", Gylfi Ísaksson, Gísli Viggósson, Helgi Jóhannesson and Sveinn Pálsson) er ljóst að landrof í Reynisfjöru er óvenju mikið. Stækka þarf núverandi varnargarða umtalsvert til að verja byggðina. Til að verja Hringveginn nærri fjörunni og tryggja þannig samgöngur um svæðið, þarf enn voldugri varnargarð, allt að 5m hærri en ella. Hringvegurinn hefur sérlega stóru hlutverki að gegna varðandi flóttaleiðir við Kötlugos. Vegagerðin telur umferðaröryggi vegfarenda síður tryggt verði Hringvegurinn sunnan byggðarinnar í Vík en ofan hennar. Eigi síðar en við mat á umhverfisáhrifum þarf álit almannavarnarnefndar á framlögðum veglínunum að liggja fyrir.
- Unnið er að umferðaröryggismati (sem er innri rýni) Vegagerðarinnar á frumdrögum.

Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins

- Í ljósi efnahagsástandsins er mikilvægara en oft áður að velja hagkvæmar lausnir til framkvæmda. Framlögð veglína á aðalskipulagsuppdrætti hefur m.a. þann annmarka að færa þarf íþróttavöllinn eða hækka sjóvarnargarðinn verulega. Ef til framkvæmda kemur skv. þeirri leið er ekki sjálfgefið að þessar framkvæmdir verði hluti framkvæmdakostnaðar. Jafnframt skal vakin athygli á á 29. grein Vegalaga nr. 80/2007: „Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun“.
- Skipting framkvæmdar í minni áfanga getur verið heppileg lausn til að hámarka arðsemi hennar. Við val á leið upp fyrir byggðina opnast möguleiki á að tengja nýjan veg við núverandi veg. Enn fremur má horfa til framlagðra endurbóta á núverandi vegi vestan Víkur sem bráðabirgðafrankvæmdar áður en ráðist verður í gangnagerð en eins og fram kemur í frumdrögum Vegagerðarinnar er hægt að gera endurbætur á vegi um Gatnabrún þannig að vel ásættanlegt sé fyrir mun lægri upphæð en jarðgöng um Reynisfjall kosta.

Annað

- Ekki er rétt að gert sé ráð fyrir framkvæmdum á tengivegunum Reynishverfisvegi og Dyrhólaeyjarvegi. Hið rétta er að framkvæmdum við Reynishverfisveg lauk fyrir all mörgum árum síðan og framkvæmdir við Dyrhólaeyjaveg eru ekki á döfinni skv. núgildandi vegáætlun.
- Texti sem fjallar um skilgreiningar veganna (stofnvegir / tengivegir / héraðsvegir o.s.frv.) er ekki réttur og þarfnast verulegrar endurskoðunar. Í því samhengi er vísað á heimasíðu

Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra>

- Í heimildalista er vísað í gögn frá Vegagerðinni frá 1999 og 2001. Nýrri gögn eru fyrir hendi.
- Varðandi námur, þá er m.a. stuðst við námuskrá Vegagerðarinnar. Ekki er viðeigandi að hafa athugasemdadálkinn með, þar sem þær upplýsingar eru ekki skrifaðar með það í huga að birta óbreyttar í greinargerðum sem þessum.

Niðurstaða varðandi veglínu Hringvegur um Mýrdal

Vegagerðin telur framlagða lausn sveitarfélagsins umferðartæknilega ásættanlega en telur að skoða þurfi betur almannaheill, hagkvæmni og rofvarnir. Vegagerðin telur veg ofan byggðarinnar í Vík á austasta hluta leiðarinnar ódýrari og jafn öruggan kost, þeirri leið má jafnframt áfangaskipta.

Virðingarfyllst,

Erlingur Jensson,
deildarstj. áætlana og hönnunar,
Suðursvæði Vg.